2019

ÁRSSKÝRSLA

FIMLEIKASAMBAND ÍSLANDS

Fimleikasamband Íslands

1 FORMÁLI
2 STJÓRN FSÍ
3 TAKK FYRIR
4 SKRIFSTOFA/TAKK ÍRIS
5 FRÆÐSLA
7 INNLEND MÓT
9 ÍSLANDSMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM
10 ÍSLANDSMÓT Í HÓPFIMLEIKUM
11 EUROGYM OG FIMLEIKAR FYRIR ALLA
12 FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA
13 UPPSKERUHÁTÍÐ
17 ERLEND VERKEFNI
25 NEFNDIR
30 ÁRSREIKNINGUR

EFLA

VAXA

LEIÐA

66° NORTH

fimleikar.is

SJÓVÁ

MARKA

AFREKA



VIÐ ERUM ÖLL FSÍ

UNDER ARMOUR

Lottó

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar

FORMÁLI

Ég býð þig velkomin á Fimleikaþing 2020.

Fimleikar eins og aðrar greinar hafa ekki farið varhluta af faraldrinum sem geisar. Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að Eurogym sem átti að vera á Íslandi í sumar hefur verið frestað fram á næsta sumar og í ljósti nýjustu frétta er ljóst að kraftaverk þarf til að það verði að veruleika. Í faraldrinum hefur hefðbundið starf sambandsins legið niðri að hluta og tíminn því nýttur til verkefna sem stuðla að eflingu fimleika til framtíðar.

Sambandið hefur stórlega bætt upplýsingastreymi, fyrst með reglulegum fréttabréfa og nú á síðustu dögum leit ný glæsileg heimasíða dagsins ljós sem þegar hefur að geyma mikið af upplýsingum sem koma til með að nýtast félögum, iðkendum og foreldrum. Það er von okkar að þar sé kominn vettvangur sem hægt er að stækka enn frekar.
Stór skref hafa verið stigin að nýju fræðslukerfi, sem að hluta til mun verða stafrænt. Kerfið miðar að því að styrkja okkar iðkendur, veita þeim tæki og tól til að takast á við lífið fram undan þar sem þau vonandi hugsa hlýtt til íþróttarinnar sem átti þátt í að móta þá og hjálpa til við að gera þá að þeim manneskjum sem þeir vilja vera. Við höfum haldið áfram að vinna í innri málum varðandi fjármálin og í ár eru öll skil er þau varða til fyrirmyndar, mikil vinna var lögð í fjárhagsáætlun og frábært að sjá hvað nýtt bókhaldskerfi er í raun að gefa okkur mikið af upplýsingum.

Undanfarið hefur átt sér stað hugarfarsbreyting í fimleikaþjálfun um allan heim. Fimleikafólk hefur stigið fram og vísað gömlum þjálfunaraðferðum á bug. Það er því mikilvægt fyrir okkur öll að líta inn á við og velta upp þeim gildum sem við stöndum fyrir. Hvar getum við sem hreyfing bætt okkur og hvað viljum við standa fyrir.

Hvernig er þjálfun háttað í okkar félögum? Hingað til hefur fræðsla sambandsins fyrst og fremst verið miðuð að þjálfurum og afreksiðkendum, við þurfum að fræða alla iðkendur, foreldra og aðra sem að starfinu okkar koma.

Fimleikar fyrir alla, á eigin forsendum hefur verið mér hugleikin á undanförnum árum. Fimleikasambandið hefur stigið stór skref þegar kemur að því að sýna fram á að fimleikar eru sannarlega fyrir alla, án aðgreiningar og mikilvægi þess að einstaklingar fái að tilheyra og blómstra, hvort sem þeir njóta sín í keppni eða stunda sína íþrótt vegna þess að þeim þykir gaman að æfa.

Eurogym er stór þáttur í markmiði sambandsins til að gera fimleikum fyrir alla hærra undir höfði. Nú er allt kapp lagt á að okkur takist að halda viðburðinn á næsta ári, við þurfum að standa saman og búa hér til viðburð sem mun lifa í manna minnum á Íslandi, ekki bara hjá þeim sem að skipulaginu koma, heldur viljum við búa til minningar hjá þátttakendum sem koma til með að fylgja þeim.

Það er mjög ánægjulegt að við erum á réttri leið varðandi kostnaðarþátttöku keppenda sem er samkvæmt afreksstefnu FSÍ og er það ekki síst að þakka stórauknu framlagi ríkisins í gegnum afrekssjóð ÍSÍ. Þar fyrir utan, samkvæmt fyrrgreindri afreksstefnu, höfum við stóraukið aðkomu fagteymis að okkar keppendum. Árið 2019 náðist sá stóri áfangi að þeir keppendur sem náðu lágmörkum við Evrópu- og heimsmeistaramót gátu einbeitt sér að undirbúningi fyrir mótið og FSÍ stóð straum af öllum kostnaði. Þessi góði árangur er aðeins á undan þeirri áætlun sem stefnan gerir ráð fyrir og því ber að fagna.

Á heildina litið er hreyfingin í mikilli framför, stjórn FSÍ hefur lagt af stað í stefnumótun og hefur á árinu unnið með þremur hópum sem að starfinu koma þar sem við öll í sameiningu mörkum skref framtíðarinnar hjá Fimleikasambandi Íslands. Mig langar til að þakka stjórn og skrifstofu samstarfið á árinu, það er mér alveg ljóst að í hreyfingunni okkar vinnur gott og vinnusamt fólk sem er tilbúið að leggja mikið á sig fimleikum í landinu til heilla.
Ég vona að við eigum hér gott þing og höldum áfram góðri vinnu í þágu íslenskra fimleika.

Arnar Ólafsson, formaður FSÍ

STJÓRN FSÍ

2019-2020

Arnar Ólafsson
FORMAÐUR

Kristinn Arason
VARAFORMAÐUR

Harpa Þorláksdóttir
MEÐSTJÓRNANDI

Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir
MEÐSTJÓRNANDI

Hulda Árnadóttir
MEÐSTJÓRNANDI

Kristín Ívarsdóttir
MEÐSTJÓRNANDI

Þór Ólafsson
GJALDKERI

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
VARASTJÓRN

Stjórn kjörin á þingi Fimleikasambands Íslands 25.maí 2019

TAKK FYRIR

Afturelding
Ármann
Björk
FIMAK
Fjölnir
Fylkir
Gerpla
Grótta
Höttur
Keflavík
Stjarnan

Fimleikasambandið þakkar öllum þeim félögum sem opnuðu sali sína fyrir fræðsluviðburðum og landsliðsæfingum á árinu. Án þessarar samvinnu við félögin værum við ekki á þeim stað sem íslenskir fimleikar hafa stefnt að undanfarin ár. Fræðslukerfi sambandsins er eitt það besta sem völ er á innan íþróttahreyfingarinnar og skipulagið þannig að eftir er tekið og landsliðin okkar hafa verið að ná áður óheyrðum árangri í keppni.

Með samvinnu og samstöðu eru okkur allir vegir færir - Við erum öll FSÍ.

SKRIFSTOFA

Fjármál

Eva Hrund Gunnarsd.

Eurogym

Fjóla Þrastardóttir

Eurogym

Halla Karí Hjaltested

Fræðslustjóri

Helga Svana Ólafsd.

Afreksstjóri hópfimleika

Íris Mist Magnúsd.

Framkvæmdastjóri

Sólveig Jónsdóttir

Afreksstjóri Áhaldafimleika

Sæunn S. Viggósdóttir

Mótastjóri Áhaldafimleika

Þorbjörg Gísladóttir

TAKK ÍRIS

Íris Svavarsdóttir hætti störfum hjá Fimleikasambandinu eftir tæp sjö ár í starfi. Á starfsárum Írisar stækkaði sambandið mjög ört og var Íris allt í öllu þegar kom að mótahaldi, innlendu sem erlendu og öllum þeim störfum sem lutu að þjónustu við félögin í landinu. Hún tók að sér þá viðburði sem sambandið stóð fyrir á þessum árum og sinnti starfi sínu af mikilli alúð og með sóma.

Það hefur verið mikill fengur fyrir FSÍ að hafa notið reynslu og þekkingar Írisar undanfarin ár. Það má með sanni segja að hún hafi gefið allt sem hún átti í starfið með það að leiðarljósi að gera fimleika á Íslandi betri.

Fimleikasamband Íslands, þakkar Írisi fyrir vel unnin störf, fimleikum á Íslandi til heilla. Hún er þó ekki búin að segja skilið við fimleikahreyfinguna en hún mun áfram leggja henni lið við störf sín sem framkvæmdastjóri Fimleikadeildar Fjölnis. Sambandið óskar henni velfarnaðar í þessu nýja hlutverki.

FRÆÐSLA

— Fræðsludagur

Þriðji Fræðsludagur Fimleikasambandsins fór fram 31. ágúst í Kórnum í Kópavogi.
Fyrirlestrarnir voru úr ýmsum áttum. Vanda Sigurgeirsdóttir kom og fjallaði um jákvæð samskipti við börn.
Lára Ósk Eggertsdóttir Classen, Ragna Margrét Brynjarsdóttir og María Björnsdóttir fluttu fyrirlestur um höfuðhögg í íþróttum og mikilvægi þess að bregðast rétt við.
Að lokum kynnti Vaka Rögnvaldsdóttir doktors ritgerð sína um mikilvægi svefns. Í kjölfar fyrirlestra var í boði að taka þátt í hópavinnu um landsliðsmál í hópfimleikum annars vegar og áhaldafimleikum hins vegar. Tæplega 150 þjálfarar skráðu sig til leiks og fékk hluti þeirra túlkun á ensku. Fræðsludagurinn er orðin stór hluti af dagskrá haustsins hjá Fimleikasambandinu.

— Þjálfara- og dómaranámskeið

Alls voru haldin 15 þjálfaranámskeið sem 356 þjálfarar sóttu. Námskeiðin voru flest hluti af fræðslukerfi Fimleikasambandsins en auk svo kallaðra fastanámskeiða var Kóreógrafíu námskeið í hópfimleikum með Anders Frisk, námskeið fyrir þjálfara í áhaldafimleikum karla þar sem við fengum Barry Collie landsliðsþjálfara Bretlands til okkar, móttökunámskeið í hópfimleikum og áhaldafimleikum auk námskeiðs fyrir íþróttakennara grunnskóla. Þjálfaranámskeið 2C var haldið í fyrsta skipti og lauk því námskeiði með prófi og verkefnavinnu.

Eitt dómaranámskeið var haldið í áhaldafimleikum kvenna þar sem 28 dómarar sátu námskeiðið.

— Sértæk fræðsla

Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir, sjúkraþjálfari hélt fyrirlestur um grindarbotns vandamál hjá konum í íþróttum. Mikill áhugi var á fyrirlestrinum sem stóð öllu kvenfólki í fimleikahreyfingunni til boða. Þvagleki er þekkt vandamál hjá konum/stúlkum í íþróttum þar sem framkvæmt er mikið af hoppum, t.d. blak, körfubolti og fimleikar. Fjölbreytt fræðsla er mikilvægur þáttur í andlegri og líkamlegri heilsu iðkenda okkar.

— Mælingar úrvalshópa í hópfimleikum

Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir, sjúkraþjálfari og yfirþjálfari landsliða í hópfimleikum tók alla iðkendur í úrvalshópum í mælingar. Styrkleiki og liðleiki iðkenda var mældur og skoðað hvernig hægt væri að fyrirbyggja meiðsli hjá hverjum og einum. Iðkendur fengu upplýsingar sendar með æfingaáætlun sem hægt er að nýta fram að Evrópumóti 2021. Með æfingaáætluninni fylgdu myndskeið þar sem hver æfing var útskýrð og sýnd.

INNLEND MÓT

ÁRIÐ 2019 VORU HALDIN 21 MÓT Á VEGUM FIMLEIKASAMBANDSINS.

Alls voru 5541 skráðir til leiks enn það er sambærilegur fjöldi og árið 2018. Keppt var á 8 hópfimleikamótum, 3 stökkfimi mótum og 10 áhaldafimleikamótum.

Nýtt keppnisfyrirkomulag í 4.-5.þrepi var tekið í notkun og mældist það vel fyrir hjá keppendum þjálfurum, foreldrum og mótshöldurum. Aukning er í fjölda keppenda og mótin mörg hver orðin stór í sniðum. Það er greinilegt að félögin eru vel að sér í mótahaldi þar sem framkvæmd móta hefur gengið afar vel.

Fimleikasambandið þakkar mótshöldurum fyrir gott starf í þágu fimleika á Íslandi.

#FYRIRISLAND
#FIMLEIKARFYRIRALLA
#ISLENSKIRFIMLEIKAR

Fjöldatölur innlend mót 2019

Dags.	Mót		Afturelding	Ármann	Björk	Dímon	FIMA	FIMAK	Fjölnir	Fylkir	Gerpla	Grótta	Hamar	Hekla	Höttur	Keflavík	Rán	Selfoss	Sindri	Stjarnan	Stokkseyri	Þór		Mótshaldari:
25.jan	**Þrepam. (1) 5.KVK**	*ÁH*		9	21			12	18	24	36	18				15				7			*160*	Björk
1.feb	**Þrepam. (2) 4.KVK, 5-4.KK**	*ÁH*	18		20	16					20	47			6		12	20			24		*183*	Ármann/Fylkir
8.feb	**Þrepam. (3) 1-3.KVK, 1-3.KK**	*ÁH*		23	21			15	12	8	29	20				19				9			*156*	Fjölnir
22.feb	**WOW Bikarmót TeamGym (Mfl. 1. 2. kky og kke)**	*HÓP*	17	25	8		21	14	28		92	12			21	19	8	41	14	90		8	*418*	Selfoss
1.mar	**Bikarmót unglinga TeamGym (3. - 5. fl.)**	*HÓP*	26	34			84	49	63		114	20			45	36	17	95	29	84		15	*711*	Selfoss
1.feb	**Bikarmót í frjálsum, 1. - 3. þrepi**	*ÁH*		29	32			11	15	10	51	18				20				12			*198*	Fjölnir
8.mar	**Bikarmót í 4. - 5. þrepi**	*ÁH*		28	34			30	40	44	75	27				35				45			*358*	Stjarnan
16.mar	**Íslandsm. í áhaldafimleikum (Frjálsar 1. og 2. þrep)**	*ÁH*		14	21			6	4	6	36	10				4				4			*105*	Ármann
22.mar	**Bikarmót í stökkfimi**	*HÓP*						15							55								*70*	Höttur
29.mar	**Íslandsmót í þrepum (3. til 5. þrep og Special Ol)**	*ÁH*		9	16			21	17	26	49	17				21				25			*201*	Gerpla
17.apr	**Íslandsm. í TeamGym**	*HÓP*					11				40							9		35			*95*	Stjarnan
26.apr	**Íslandsm. Ungl. TeamGym (4. - 5. fl , kky og kke)**	*HÓP*	18	24			63	28	50		99				25	21	7	80	24	70		18	*527*	Gerpla
3.maí	**Íslandsm. í stökkfimi**	*HÓP*			20	19	11		4		3	21	26	4			11						*119*	Hamar
10.maí	**Íslandsm. Ungl. TeamGym (2. - 3. fl)**	*HÓP*	22	41	18		31	23	52		82	34			6	19	9	37		60		8	*442*	Afturelding
10.maí	**GK Meistaramót**	*ÁH*		10	6				4		23	9				2				3			*57*	Ármann
8.jún	**GK Deildarmeistaramót TeamGym (A deild)**	*HÓP*	18				35		52		104	15				18		63		75			*380*	Stjarnan
26.okt	**Haustmót í frjálsum, 1. - 3 þrepi**	*ÁH*		15	26			15	9	10	31	16				5		1		14			*142*	Fjölnir
2.nóv	**Haustmót í Stökkfimi**	*HÓP*			8		8		24		47			24		45	22			4	6		*188*	Keflavík
2.nóv	**Þrepamót 1 (Haustmót 4. - 5. þrep)**	*ÁH*		17	32			26	36	35	56	12				7				14			*235*	Ármann
16.nóv	**Haustmót TeamGym (3-4 kky-kke)**	*HÓP*	29	33			72	37	26		67	11			27	32		63	19	74		19	*509*	Stjarnan
23.nóv	**Haustmót TeamGym (mfl-1-2)**	*HÓP*	16	22			29	19	30		41	24			13	11		15	17	41		9	*287*	Selfoss
	Samanlagt per félag:	**21**	**164**	**333**	**283**	**35**	**365**	**321**	**484**	**163**	**1.095**	**331**	**26**	**28**	**198**	**329**	**86**	**424**	**103**	**666**	**30**	**77**	**5.541**	
	Hlutfall per félag:		3%	6%	5%	1%	7%	6%	9%	3%	20%	6%	0%	1%	4%	6%	2%	8%	2%	12%	1%	1%		
			12	6	10	17	5	9	3	13	1	7	20	19	11	8	15	4	14	2	18	16		
	HÓP	***11***	**146**	**179**	**54**	**19**	**365**	**185**	**329**	**0**	**689**	**137**	**26**	**28**	**192**	**201**	**74**	**403**	**103**	**533**	**6**	**77**	**3.746**	
	Hlutfall per félag:		4%	5%	1%	1%	10%	5%	9%	0%	18%	4%	1%	1%	5%	5%	2%	11%	3%	14%	0%	2%		
			10	9	15	18	4	8	5	20	1	11	17	16	7	6	14	3	12	2	19	16		
	ÁH	***10***	**18**	**154**	**229**	**16**	**0**	**136**	**155**	**163**	**406**	**194**	**0**	**0**	**6**	**128**	**12**	**21**	**0**	**133**	**24**	**0**	**1.795**	
	Hlutfall per félag:		1%	9%	13%	1%	0%	8%	9%	9%	23%	11%	0%	0%	0%	7%	1%	1%	0%	7%	1%	0%		
			12	6	2	13	16	7	5	4	1	3	16	16	15	9	14	11	16	8	10	16		
	ALM	***0***																						
	Hlutfall per félag:																							

Höfuðborgarsvæðið	**3.519**	64%
Annað	**2.022**	36%

ÍSLANDSMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Mótið var haldið í fimleikahúsi Ármenninga í Laugardal dagana 16.-17. mars. Líkt og árið áður var mótið í heild sinni í beinni útsendingu á RÚV. Umgjörð var öll hin glæsilegasta og rímaði vel við frábærar æfingar keppenda.

45 keppendur voru á mótinu og háðu þeir harða baráttu um Íslandsmeistaratitilinn.

Valgarð Reinhardsson núverandi Íslandsmeistari úr Gerplu tók fjölþrautartitilinn þriðja árið í röð.
Í kvennaflokki sigraði Agnes Suto-Tuuha úr Gerplu og er þetta hennar fyrsti Íslandsmeistaratitill í fjölþraut en hún var elsti keppandinn á mótinu í ár, 27 ára. Jónas Ingi Þórisson sigraði örugglega í unglingaflokki karla og Laufey Birna Jóhannsdóttir úr Gróttu varð í fyrsta sæti í unglingaflokki kvenna.

ÍSLANDSMÓT Í HÓPFIMLEIKUM

Íslandsmótið í hópfimleikum fór fram í íþróttahúsinu Ásgarði, Garðabæ. Á mótið mætti allt okkar besta hópfimleikafólk og sýnd voru frábær tilþrif, hápunkturinn var frábær útfærsla Kolbrúnar Þallar á tvöföldu heljarstökki með 3,5 skrúfu á trampólíni. En þetta var eingöngu í þriðja skipti sem stökkið er framkvæmt í kvennakeppni í heiminum. Mótið var sýnt í beinni útsending á RÚV 2 og var það allt hið glæsilegasta.

Í kvennaflokki var það lið Stjörnunnar sem sigraði. Stjarnan hafði töluverða yfirburði í ár og vann einnig Íslandsmeistaratitla á öllum áhöldum.

Í karlaflokki varð lið Gerplu hlutskarpast. Liðið sýndi frábærar æfingar og má líkja trampólínæfingum liðsins við flugeldasýningu. Karlalið Gerplu sigraði einnig Íslandsmeistaratitil á öllum áhöldum.

Í flokki blandara liða var það lið Gerplu sem sigraði í fjölþraut og á einstökum áhöldum, en einungis eitt lið var skráð til keppni.

Í 1. flokk sigraði lið Selfoss í kvennaflokki eftir harða baráttu og lið Stjörnunnar í karlaflokki.

EUROGYM OG FIMLEIKAR FYRIR ALLA

Við upphaf árs 2019 var undirbúningur Eurogym í höndum starfsfólks skrifstofu. Helstu verkefni voru samskipti við evrópunefnd, undirbúningur farastjórafundar sem var haldin hér á landi í maí og útgáfa á fyrsta upplýsingabæklingi. Áhugaskráning fór fram í júlí og þá var strax ljóst að Eurogym hátíðin á Íslandi myndi verða sú stærsta frá upphafi. Halla Karí Hjaltested var ráðin viðburðastjóri Eurogym í byrjun ágúst. Á næstu mánuðum stækkaði teymið og til starfa tóku Fjóla Þrastardóttir, Jón Ingvarsson og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir. Helstu verkefni hjá nýju teymi voru að kortleggja viðburðinn í heild sinni, forgangsraða verkefnum og uppfæra upplýsingabækling. Hlutverk nefndar um fimleika fyrir alla var að styðja við verkefnið með sinni þekkingu og reynslu, ásamt því að halda utanum íslenska hópinn. Skipulagning heldur nú áfram að fullum krafti og við hlökkum til að sjá Eurogym verða að veruleika á Íslandi.

FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA

Árið var nokkuð viðburðaríkt í fimleikum fyrir fatlaða. Í mars 2019 voru fjórir einstaklingar valdir af Íþróttasambandi fatlaðra til þátttöku á Special Olympics í Abu Dhabi. Þessir einstaklingar voru Magnús Orri Arnarson og Unnar Ingi Ingólfsson úr Gerplu ásamt Maríu Ragnhildi Ragnarsdóttur og Michaela Regan úr Íþróttafélaginu Nes. Þjálfarar hópsins voru Eva Hrund Gunnarsdóttir og Axel Ólafur Þórhannesson. Allir íslensku keppendurnir stóðu sig einstaklega vel og komu hlaðnir verðlaunum heim. Þó árangurinn á mótinu hafi verið frábær þá gefur það þjálfurum og foreldrum jafnvel meira að horfa á fimleikafólkið njóta sín í botn á alþjóðlegu móti þar sem að allir eru sannir sigurvegarar. Gleðitár féllu þegar þau löbbuðu inn á leikvanginn á opnunarhátíð mótsins. Þetta er ferð sem að þau munu aldrei gleyma.

Á árinu var haldið Íslandsmót í Special OL líkt og undanfarin ár. 14 keppendur mættu til leiks og var keppt í fjórum keppnisflokkum. Að vanda ríkti mikil stemning og gleði á mótinu. Fimleikasambandið er nú með á teikniborðinu að fjölga mótum á komandi tímabili og verður spennandi að fylgjast með þeim takast á við nýjar áskoranir.



UPPSKERUHÁTÍÐ

Uppskeruhátíð Fimleikasambands Íslands fór fram fimmtudaginn 9. janúar 2020 í Laugardalshöll. Uppskeruhátiðin er vettvangur hreyfingarinnar til að gleðjast yfir sigrum ársins sem líður, þakka þeim mikla fjölda sjálfboðaliða sem leggjur hreyfingunni lið og stuðla að því að starfið gengur jafn vel og raun ber vitni.
Á hátíðinni er farið yfir verkefni síðasta árs, fimleikafólk, lið og afreks ársins eru verðlaunuð á sama tíma og sjálfboðaliðum eru veittar viðurkenningar.
Eftirfarandi eru verðlaun ársins 2019.

— Lið ársins

Kvennalið Stjörnunnar varð Íslands- og bikarmeistari í hópfimleikum árið 2019 og varði þar með titlana frá árinu áður. Liðið varð í öðru sæti á Norðurlandamótinu sem fram fór í nóvember 2019 og var hársbreidd frá því að vinna til gullverðlauna. Á norðurlandamótinu fékk liðið hæstu einkunn í gólfæfingum eða 21.575 stig sem er hæsta einkunn sem gefin hefur verið fyrir dans í hópfimleikum hingað til.

— Fimleikakona ársins

Agnes Suto Tuuha hefur verið í fremstu röð í áhaldafimleikum á Íslandi í áraraðir. Agnes varð Íslandsmeistari í fjölþraut 2019 og í verðlaunasætum á öllum áhöldum í keppni á einstökum áhöldum. Hún varð bikarmeistari 2019 með liði Gerplu og sigraði GK-meistaramót. Agnes tók þátt í öllum landsliðsverkefnum vorannar, sem byrjaði með Evrópumótinu í Póllandi. Þaðan lá leiðin á Flanders International Team Challenge og að lokum var hún valin til þátttöku á Evrópuleikunum í Minsk síðasta sumar. Agnes lauk svo keppnisárinu með því að taka þátt í Norðurlandamótinu í TeamGym.

— Fimleikamaður ársins

Valgarð Reinhardsson varð Íslandsmeistari í fjölþraut í áhaldafimleikum, auk þess sem hann vann sigur á fjórum áhöldum af sex í keppni á einstökum áhöldum. Hann varð einnig bikarmeistari með liði sínu Gerplu. Valgarð stóð sig vel í alþjóðlegum verkefnum og vann meðal annars brons verðlaun á svifrá á Norður Evrópumóti. Valgarð komst í úrslit í gólfæfingum á heimsbikarmóti í Koper, en hann var einnig varamaður í úrslit á tvíslá á sama móti. Önnur verkefni sem Valgarð tók meðal annars þátt í voru Evrópuleikarnir í Minsk og heimsbikarmót í Melbourne, Ástralíu.

Kolbrún Þöll Þorradóttir
2. sæti

Irina Sazonova
3. sæti

Jónas Ingi Þórisson
2. sæti

Alexander Sigurðsson
3. sæti

— Heiðursfélagi

Hafsteinn Þórðarson

FIMLEIKASAMBANDIÐ KANN HONUM BESTU ÞAKKIR FYRIR MIKIÐ OG ÓEIGINGJARNT SJÁLFBOÐASTARF Í ÞÁGU FIMLEIKA Á ÍSLANDI. HANN Á STÓRAN ÞÁTT Í ÞVÍ AÐ FIMLEIKAR DAFNA Í SAMFÉLAGINU OKKAR Í DAG.

Hafsteinn hefur starfað nær sleitulaust fyrir Fimleikafélagið Björk og fimleikahreyfinguna frá árinu 1993. Hann var kosinn í stjórn FSÍ árið 1996 og sinnti þar stöðu gjaldkera þar sem hann vann kraftaverkastarf fyrir sambandið okkar. Hafsteinn hefur haft stefnumótandi áhrif, hann tölvuvæðir, nútímavæðir og hefur komið bókhaldi bæði Bjarkanna og FSÍ í viðurkennt form. Hafsteinn hefur alla tíð talað mikið um mikilvægi þess að hreyfingin sæki sér menntun og reynslu út fyrir landsteinana og með stuðningi hans hafa þjálfarar sem og iðkendur sótt sér þekkingu og keppnisreynslu erlendis. Eftir farsæla stjórnarsetu hjá Fimleikasambandinu skilaði Hafsteinn af sér góðu búi en hefur þó haldið áfram að vinna að góðum fjárhag sambandsins sem skoðunarmaður reikninga.

— Gullmerki

Auður Vala

AUÐUR VALA HEFUR VERIÐ ÖTULL TALSMAÐUR FIMLEIKA Á LANDSBYGGÐINNI OG BARIST FYRIR VIRKRI ÞÁTTTÖKU FÉLAGA ÚTI Á LANDI. VIÐ ERUM ÞAKKLÁT FYRIR ALLT ÞAÐ GÓÐA STARF SEM AUÐUR HEFUR UNNIÐ FIMLEIKUM Á ÍSLANDI TIL HEILLA.

Auður Vala var ein af fyrstu iðkendum fimleikadeildar Hattar á Egilsstöðum þegar deildin byrjaði árið 1984 en deildin var stofnuð formlega 1986. Hún hefur verið viðloðandi fimleikadeildina meira og minna frá þeim tíma sem iðkandi, þjálfari og yfirþjálfari samfleitt frá árinu 2000-2018. Auður Vala hefur til margra ára séð um kennslu fyrir FSÍ í menntun þjálfara í fimleikum á austur- og norðulandi, hún hefur einnig komið að vinnu við framkvæmd landsmóta bæði sem afþreyingarstjóri og sérgreinastjóri í fimleikum og setið í fræðslunefnd Fimleikasambands Íslands.

— Þjálfari ársins

Sesselja Järvelä

FYRST OG FREMST ER SESSELJA MEÐ ÁSTRÍÐU FYRIR FIMLEIKUM, AÐ ALLIR SEM ÞAÐ KJÓSA GETI TILHEYRT FIMLEIKASAMFÉLGINU OG AÐ HVERJUM IÐKANDA SÉ MÆTT Á HANS EIGIN FORESENDUM.

Sesselja hefur áratuga reynslu í þjálfun. Hún hefur sinnt þjálfun í almennum fimleikum, hópfimleikum og áhaldafimleikum. Sesselja hefur verið ötull talsmaður eldri stúlkna sem vilja æfa og keppa í áhaldafimleikum án þess að hafa það endilega sem markmið að ná í landslið. Auk þess að sinna þjálfun er Sesselja einn af frumkvöðlum við gerð og framþróun fræðslukerfis Fimleikasambandsins.

— Leiðtogi ársins

Una Brá Jónsdóttir

UNA BRÁ ER GÆDD ÞEIM DÁSAMLEGA EIGINLEGA AÐ VERA JÁKVÆÐ OG GLAÐLEG SEM HÚN HEFUR NÁÐ AÐ SMITA YFIR Á AÐRA ÞJÁLFARA OG IÐKENDUR Í DEILDINNI.

Una gegnir stöðu yfirþjálfara í hópfimleikum hjá Stjörnunni. Hún er metnaðargjörn og vill sjá árangur en fyrst og fremst vill hún að öllum líði vel. Hún er fljót að viðurkenna galla sína og er tilbúin að bæta sig og læra. Þessari sýn hefur hún líka náð að smita yfir á aðra þjálfara og iðkendur. Herferð hennar inn í salnum „hakan upp“ sem hún og Andrea Sif Pétursdóttir sköpuðu snýst um að vera stoltur Stjörnu iðkandi og bera höfuðið hátt.

— Afrek ársins

Valgarð Reinhardsson

Valgarð komst í úrslit á gólfi á Heimsbikarmótinu í Koper. Einnig varð Valgarð örstutt frá því að komast í úrslit á tvíslá á sama móti. Í úrslitunum hækkaði hann sig um tvö sæti frá undankeppninni.



ERLEND VERKEFNI

— Erlend verðlaun í áhaldafimleikum

Nóg var um að vera hjá landsliðsfólkinu okkar á árinu. Farið var í þrettán verkefni í heildina, ýmist í áhaldafimleikum karla, kvenna eða bæði. Valgarð Reinhardsson keppti á Heimsbikarmótinu í Slóveníu og komst í úrslit á gólfi. Í úrslitunum stóð Valgarð sig mjög vel og hafnaði í 6. sæti.

Valgarð Reinhardsson og Agnes Suto Tuuha unnu sér inn keppnisrétt á Evrópuleikunum í Minsk með góðum árangri á Evrópumótinu í áhaldafimleikum.

Unglingalandsliðin kepptu á EYOF sumarið 2019 og náði Jónas Ingi Þórisson þeim frábæra árangri að hafna í 10. sæti á stökki og var því varamaður í úrslit. Irina Sazonova lenti í 9. sæti á stökki á Heimsbikarmótinu í París og var varamaður inn í úrslitin.

VERÐLAUN Á NORÐURLANDAMÓTI UNGLINGA OG DRENGJA

- Jónas Ingi Þórisson - silfur á stökki
- Martin Bjarni Guðmundsson - silfur á stökki
- Dagur Kári Ólafsson - silfur á bogahesti
- Arnar Arason – brons á tvíslá

VERÐLAUN Á NORÐUR-EVRÓPUMÓTI

- Irina Sazonova – silfur á gólfi og tvíslá
- Jónas Ingi Þórisson - silfur á stökki og gólfi
- Valgarð Reinhardsson – brons á svifrá

— Kvennalandslið í áhaldafimleikum

Landsliðsþjálfari 2019 í kvennflokki var Hildur Ketilsdóttir og landsliðsþjálfari U16 var Þorbjörg Gísladóttir. Þær unnu í samstarfi við afreksstjóra og tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna.
Að auki fengu þær mikinn stuðning og hjálp frá dómurum. Störf landsliðsþjálfara voru með hefbundnu sniði, valið var í úrvalshópa, æfingahópa fyrir verkefni og landslið. Valið var í landslið eftir frammistöðu á mótum, innihaldi æfinga, stöðugleika og frammistöðu á landsliðsæfingum. Í aðdraganda landsliðsverkefna eru dæmdar landsliðsæfingar notaðar til aðstoðar við lokaákvarðanir.

Hildur Ketilsdóttir

Þorbjörg Gísladóttir

ERLEND VERKEFNI

Keppendur	Félag	EM sr	NM jr	FIT challenge	Evrópuleikar	HM jr	EYOF	Paris	NEM	HM sr	Elite gym Massilia
Agnes Suto Tuuha	Gerpla	X		X	X						
Birta Björg Alexandersdóttir	Björk			X					X		X
Dagný Björt Axelsdóttir	Gerpla										X
Embla Guðmundsdóttir	Björk		X	X							X
Emilía Björt Sigurjónsdóttir	Björk	X									
Guðrún Edda Min Harðardóttir	Björk		X	X			X				X
Hera Lind Gunnarsdóttir	Gerpla		X								X
Hildur Maja Guðmundsdóttir	Gerpla		X	X			X				X
Hrefna Lind Gunnarsdóttir	Björk		X								
Ingunn Ragnarsdóttir	Ármann		X								X
Irina Sazonova	Stjarnan/Fjölnir							X	X	X	X
Laufey Birna Jóhannsdóttir	Grótta		X	X		X	X				X
Margrét Lea Kristinsdóttir	Björk			X				X	X		
Nanna Guðmundsdóttir	Grótta								X		X
Sonja Margrét Ólafsdóttir	Gerpla								X		
Svanhildur Nielsen Hlynsdóttir	Ármann										X
Thelma Aðalsteinsdóttir	Gerpla	X									
Vigdís Pálmadóttir	Björk	X		X							

— Karlalandslið í áhaldafimleikum

Stórt fimleikaár að baki í áhaldafimleikum karla, þegar ég fer yfir árið þá fyllist ég stolti af þeim strákum sem keppa fyrir Íslands hönd og þeirri vinnu sem unnin hefur verið síðastliðin ár, margt var afrekað árið 2019.

- Unnum okkur inn keppnisrétt fyrir Evrópuleikana í Minsk og stóðum okkur með prýði.
- Kepptum til úrslita á stökki á Berlín Cup í þýskalandi og áttum varamenn til úrslita á gólfi og svifrá.
- Kepptum til úrslita á heimsbikarmóti á gólfi og áttum varamann á tvíslá.
- Unnum til fjölda verðlauna á Norður Evrópumóti sem haldið var á Íslandi.

Róbert Kristmannsson

Við erum alltaf að bæta okkur og það er stöðugur vöxtur frá ári til árs. Að búa til góða fimleikamenn krefst tíma, mikils aga og samvinnu svo eitthvað sé nefnt. Nú er að halda áfram á þeirri braut sem við erum á, sækja sér meiri menntun, þekkingu, öðlast reynslu, vaxa og fyrst og fremst hugsa vel um og styðja við bakið á okkar fimleikafólki, þá eru okkur allir vegir færir.

ERLEND VERKEFNI

Keppendur	Félag	Melbourne	Berlin Cup	EM sr	NM jr	Koper	Evrópuleikar	HM jr	EYOF	NEM	HM sr
Ágúst Ingi Davíðsson	Gerpla		X		X				X		
Arnar Arason	Gerpla				X						
Arnþór Daði Jónasson	Gerpla					X				X	
Atli Snær Valgeirsson	Ármann/Gerpla									X	
Breki Snorrason	Björk				X						
Dagur Kári Ólafsson	Gerpla		X		X				X		
Eyþór Örn Baldursson	Gerpla			X							
Guðjón Bjarki Hildarson	Gerpla									X	
Jónas Ingi Þórisson	Ármann/Gerpla		X		X			X	X	X	
Martin Bjarni Guðmundsson	Gerpla		X		X	X				X	X
Valdimar Matthíasson	Gerpla				X						
Valgarð Reinhardsson	Gerpla	X		X		X	X			X	X

— Dómarar

HÓPFIMLEIKAR

Farið var á eitt alþjóðlegt mót í hópfimleikum árið 2019, en þrjú lið frá Íslandi kepptu á Norðurlandamóti og fóru fjórir dómarar með liðunum. Að auki fór greiningarteymi með í verkefnið sem skipað var tveimur alþjóðlegum dómurum.

Dómarar á NM
Ágústa Dan Árnadóttir
Auður Ingimundardóttir
Olga Bjarnadóttir
Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir

ÁHALDAFIMLEIKAR

Landslið Íslands í áhaldafimleikum fóru í níu verkefni á árinu 2019, þar af fóru dómarar í sjö þeirra. En þar ber helst að nefna að Hlín Bjarnadóttir og Björn Magnús Tómasson voru valin af Evrópska Fimleikasambandinu til þess að dæma Evrópuleikana í Minsk. Daði Snær Pálsson var valinn yfirdómari á bogahesti á Heimsmeistaramóti unglinga og Þorbjörg Gísladóttir valinn yfirdómari á gólfi á Heimsbikarmóti.

Dómarar	Melbourne	Berlin Cup	EM sr	NM jr	FIT challenge	Koper	Evrópuleikar	HM jr	EYOF	Paris	NEM	HM sr	Elite gym Massilia
Þorbjörg Gísladóttir			X					X		X	X		
Sæunn Viggósdóttir			X	X	X				X		X		X
Guðmundur Brynjólfsson			X								X		
Daði Snær Pálsson				X				X			X	X	
Auður Ólafsdóttir				X	X						X		
Hlín Bjarnadóttir							X				X	X	
Sandra Árnadóttir											X		X
Andri Vilberg Orrason				X									
Sigurður Hrafn Pétursson						X					X		
Björn Magnús Tómasson							X						
Anton Heiðar Þórólfsson											X		
Jón Sigurður Gunnarsson								X					

— Landslið í hópfimleikum

Árið 2019 hófst undirbúningur fyrir EM 2020 en það er ári fyrr en áður hefur verið gert. Markmiðið er að hafa samfellda eftirfylgni með afreksfólki í hópfimleikum, sem og að styðja við hæfileikamótun innan félagsliða. Úrvalshópar voru skipaðir í mars og voru æfingar haldnar með u.þ.b. 4-6 vikna millibili yfir árið. Einnig voru opnar æfingar haldnar ársfjórðungslega, þar sem iðkendum utan úrvalshópa, gafst kostur á að sýna getu sína. Ein opin æfing var haldin á Akureyri. Úrvalshópar voru endurmetnir í kjölfar opinna æfinga. Meðal annarra verkefni á árinu má nefna:

- Hæfileikamótun félagsþjálfara þar sem félagsþjálfurum gafst færi á að fylgja landsliðsþjálfurum að störfum.
- Smíði gagnabanka grunnæfinga til að styðja félagsþjálfara í sinni vinnu.
- Fjórar vinnustofur fyrir félagsþjálfara, tvær í Reykjavík, ein á Akureyri og ein á Egilstöðum þar sem farið var yfir efni gagnabanka í bóklegri og verklegri fræðslu.
- Þrekpróf og meiðslaskimun fyrir úrvalshópa, greining og útgáfa einstaklingsmiðaðra fyrirbyggjandi æfinga.

Verkefni ársins 2019 fengu góðar undirtektir hjá iðkendum, félagsþjálfurum og félögum. Það er mat yfirþjálfara að það fyrirkomulag sem viðhaft var árið 2019 feli í sér jákvæða þróun fyrir afreksstarf í hópfimleikum.

Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir

Björn Björnsson

— Norðurlandamót í hópfimleikum

Norðurlandamótið í hópfimleikum fór fram í Drammen í Noregi 9. nóvember 2019. Ísland sendi tvö lið í kvennaflokki, Stjörnuna og Gerplu, blandað lið frá Gerplu og karlalið frá Stjörnunni. Lið Stjörnunnar hafði titil að verja frá árinu 2017 og 2015 og hafnaði með litlum mun í 2. sæti. Stjarnan fékk hæstu einkunn í dansi og var Andrea Sif Pétursdóttir þáverandi fimleikakona ársins frá árinu 2018, valin í úrvalslið mótsins að því loknu.

Kvennalið Gerplu

Agnes Suto Tuuha	Keppandi
Adela Björt Birkisdóttir	Keppandi
Andrea Hansen	Keppandi
Belinda Sól Ólafsdóttir	Keppandi
Berglind Ósk Guðmundsdóttir	Keppandi
Birta Ósk Þórðardóttir	Keppandi
Edda Berglind Björnsdóttir	Keppandi
Inga Sigurðardóttir	Keppandi
Margrét María Ívarsdóttir	Keppandi
Mia Viktorsdóttir	Keppandi
Sól Sæmundssen	Keppandi
Þórdís Alla Gauksdóttir	Keppandi
Yrsa Ívarsdóttir	Þjálfari
Magnús Óli Sigurðsson	Þjálfari
Ragnar Magnús Þorsteinsson	Þjálfari
Ásta Hind Ómarsdóttir	Þjálfari

Blandað lið Gerplu

Bára Björt Stefánsdóttir	Keppandi
Adam Bæhrenz Björgvinsson	Keppandi
Alexander Sigurðsson	Keppandi
Ásmundur Óskar Ásmundsson	Keppandi
Einar Karelsson	Keppandi
Eysteinn Máni Oddsson	Keppandi
Guðmundur Kári Þorgrímsson	Keppandi
Karitas Inga Jónsdóttir	Keppandi
Kolbrún Júlía Guðfinnsd Newman	Keppandi
Rebekka Rut Stefánsdóttir	Keppandi
Sveinbjörg B Kristjánsdóttir	Keppandi
Valgerður Sigfinnsdóttir	Keppandi
Kristinn Þór Guðlaugsson	Þjálfari
Rakel Másdóttir	Þjálfari
Þorgeir Ívarsson	Þjálfari
Björk Guðmundsdóttir	Liðstjóri

Kvennalið Stjörnunnar

Hrafnhildur Magney Gunnarsdóttir	Keppandi
Andrea Sif Pétursdóttir	Keppandi
Anna Sigríður Guðmundsdóttir	Keppandi
Dagbjört Bjarnadóttir	Keppandi
Hekla Mist Valgeirsdóttir	Keppandi
Helena Clausen Heiðmundsdóttir	Keppandi
Hildur Clausen Heiðmundsdóttir	Keppandi
Íris Arna Tómasdóttir	Keppandi
Kolbrún Þöll Þorradóttir	Keppandi
Laufey Ingadóttir	Keppandi
María Líf Reynisdóttir	Keppandi
Sara Margrét Jóhannesdóttir	Keppandi
Sólveig Ásta Bergsdóttir	Keppandi
Tinna Ólafsdóttir	Keppandi
Anders Winther Larsen	Þjálfari
Tanja Kristín Leifsdóttir	Þjálfari
Daði Snær Pálsson	Þjálfari
Tanja Birgisdóttir	Þjálfari
Mads Pind Lochmann Jensen	Aðstoðarþjálfari
Þórdís Ólafsdóttir	Sjúkraþjálfari

Karlalið Stjörnunnar

Arnar Daði Jónsson	Keppandi
Arnór Gauti Árnason	Keppandi
Ágúst Óliver Erlingsson	Keppandi
Einar Ingi Eyþórsson	Keppandi
Guðjón Snær Einarsson	Keppandi
Helgi Laxdal Aðalgeirsson	Keppandi
Ingvar Þór Bjarnason	Keppandi
Júlían Máni K. Rakelarson	Keppandi
Kristinn Már Hjaltason	Keppandi
Róbert Andri Bogason	Keppandi
Sigmundur Freyr Hafþórsson	Keppandi
Stefán Ísak Stefánsson	Keppandi
Þorbjörn Bragi Jónsson	Keppandi
Örn Frosti Katrínarson	Keppandi
Andreas Storm Crone	Þjálfari
Henrik Pilgaard	Þjálfari
Erla Rut Mathiesen	Þjálfari

Aðrir

Ágústa Dan Árnadóttir	Dómari
Auður Ingimundardóttir	Dómari
Olga Bjarnadóttir	Dómari
Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir	Dómari
Auður Inga Þorsteinsdóttir	Fararstjóri
Markús Pálsson	Liðstjóri
Helga Svana Ólafsdóttir	Greiningarteymi
Sólveig Jónsdóttir	Greiningarteymi

NEFNDIR FSÍ

— Tækninefnd kvenna

Störf tækninefndar í áhaldafimleikum kvenna fóru vel á stað. Breytingar í 4.-5.þrepi mældust vel fyrir og mótin stóðust allar væntingar varðandi styttingu hvers mótshluta og aukna gleði keppenda og þjálfara. Dómaranámskeið var haldið og bættust í hópinn 28 nýjir E-dómarar sem gerði mönnun dómara þægilegri enn árið áður. Dómarar voru sendir í erlend verkefni sem gekk mjög vel. Tekin var ákvörðun um að sleppa keppnisnúmerum á þeim mótum sem ekki er sjónvarpað við mikinn fögnuð aðildarfélaga. Hlín Bjarnadóttir fékk boð um að dæma Ólympíuleikana í Tokyo 2020 en því miður varð ekkert úr því þar sem að Ólympíuleikunum var frestað.

Auður Ólafsdóttir

Ragna Þyrí Ragnarsdóttir

Eir Andradóttir

Hildur Ketilsdóttir

Þorbjörg Gísladóttir

— Tækninefnd karla

Störf tækninefndar karla gengu mjög vel þetta tímabil. Í samvinnu við mótsstjóra í áhaldafimleikum voru mót innanlands skipulögð. Upphaflega átti að halda dómaranámskeið haustið 2019, en það var fært til janúar 2020. Eftir námskeiðið bættust við tíu E2 dómarar og þrír E3 dómarar, flestir þeirra dæmdu á mótum vorannar. Mótahald var með hefðbundnum hætti þar til í mars. Breytingar á keppnisfyrirkomulagi í 4.-5. þrepi höfðu jákvæðar afleiðingar þar sem að mótshlutar urðu styttri. Björn Magnús Tómasson fékk boð um að dæma Ólympíuleikana í Tokyo 2020 en því miður varð ekkert úr því þar sem að Ólympíuleikunum var frestað.

Anton Heiðar Þórólfsson

Axel Ólafur Þórhannesson

Sigurður Hrafn Pétursson

Daði Snær Pálsson

Vilhjálmur Ólafsson

— Tækninefnd í hópfimleikum

Tækninefnd í hópfimleikum heldur utan um það mótahald sem fram fer í hópfimleikum og stökkfimi á Íslandi. Helstu verkefni vetrarins voru dómaranámskeið, endurskoðun á keppnisreglum og mót, innanlands sem utan. Reglur í hópfimleikum héldust að miklu leiti óbreyttar fyrir utan breytingu á alþjóðlegum reglum sem keppt var eftir í elstu flokkunum. Töluverðar breytingar voru gerðar á reglum í stökkfimi. Í nóvember síðastliðnum sendi Ísland 4 lið á Norðurlandamót fullorðinna í Noregi og stóðu liðin sig með prýði. Mótahald innanlands var fellt niður um miðjan mars vegna Covid-19 en áður en að því kom voru krýndir bikarmeistarar í 7 flokkum á bikarmóti eldri flokka og GK mót haldið. Þá höfðu 4 lið unnið sér þátttökurétt á Norðurlandamóti unglinga sem var fellt niður.

Ágústa Dan Árnadóttir

Ragnar Magnús Þorsteinsson

Þórdís Þöll Þráinsdóttir

Karen Jóhannsdóttir

— Fræðslunefnd

Fræðslunefnd í nánu samstarfi við fræðslustjóra setur fram fræðsludagskrá fyrir veturinn og heldur lengri og styttri námskeið. Nýtt námskeið 3A var haldið í janúar þar sem fengnir voru kennarar úr ýmsum áttum. Einnig var haldinn hinn árlegi fræðsludagur sem og móttökunámskeið og dómaranámskeið. Hafist hefur verið handa við að endurskipuleggja fræðslukerfið og í framhaldinu taka sérfræðihópar við að endurskoða innihald námskeiða og endurgera kennsluefni og færa á rafrænt form þar sem við á. Nefndin vill þakka öllum þeim sem komu að fræðslumálum sambandsins, fyrirlesurum, kennurum og sýnendum á námskeiðum og þeim félögum sem ljáðu húsnæði til kennslu. Megi fræðslumálin vera áfram fagleg og í forgangi hjá FSÍ.

Fanney Magnúsdóttir

Andrea Dan Árnadóttir

Auður Ólafsdóttir

Daði Snær Pálsson

Kristinn Þór Guðlaugsson

— Laganefnd

Laganefnd FSÍ er kjörin til tveggja ára í senn og á árinu 2018 voru Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Hjalti Geir Erlendsson og Guðrún Björk Bjarnadóttir kjörin í nefndina. Ragnheiður Margrét gegndi stöðu formanns nefndarinnar þetta tímabilið. Farið var í umfangsmikla vinnu við uppfærslu á lögum FSÍ og reglugerðum fyrir þingið 2018 og hefur nefndastarf því verið í rólegri kantinum þetta árið. Nefndin hefur tekið til skoðunar einstök mál sem stjórn FSÍ og framkvæmdastjóri hafa beint til hennar, svo sem yfirferð á reglugerðum og yfirferð reglna og laga í undirbúningi fyrir þing FSÍ.

Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir

Hjalti Geir Erlendsson

Guðrún Björk Bjarnadóttir

— Nefnd um Fimleika fyrir alla

Fimleikar fyrir Alla hópar eru starfandi í mörgum félögum. Eitt af hlutverkum FFA er að styðja við þessa hópa og hefur nefndin boðist til þess að fræða félögin og hjálpa þeim af stað til að efla Fimleika fyrir Alla í þeirra félagi.

Guðrún Tryggvadóttir

Eva Hrund Gunnarsdóttir

Ingibjörg Þóra Þórarinsdóttir

Fríða Rún Þórðardóttir

— Heilbrigðisnefnd

Frá því heilbrigðisnefnd var stofnuð hafa verkefni hennar verið margvísleg. Nefndin hefur komið að mótahaldi, ýmist leiðbeint og eða aðstoðað við sjúkragæslu á mótum og unnið viðbragðsáætlun við slysum svo eitthvað sé nefnt. Auk þess hafa aðilar innan heilbrigðisnefndar stutt við afreksstarf sambandsins með fyrirlestrum og fræðslu sem og að fylgja landsliðum í erlend verkefni.

Guðjón Einar Guðmundsson

Hera Jóhannesdóttir

Andri Wilberg Orrason

Þórdís Ólafsdóttir

Sandra Árnadóttir

Kristín Gísladóttir

Steinunn Anna Sigurjónsdóttir

Hafrún Kristjánsdóttir

— Aga- og Siðanefnd

Nefndin hefur leiðbeinandi- og ráðgefandi hlutverk í málum sem snerta aga- og siðareglur Fimleikasambandsins. Nefndin vinnur fyrir iðkendur og er ráðgefandi um það til hvaða aðgerða ráðlagt sé að grípa til ef fram kemur kvörtun, rökstuddur grunur eða ábending um einelti eða ofbeldi af einhverju tagi í tengslum við starfsemi á vegum eða ábyrgð FSÍ. Þá mun nefndin stuðla að og efla forvarnir með leiðbeiningum og fræðslu, m.a.til aðildarfélaga FSÍ, til þess að koma í veg fyrir að brot á aga- og siðareglum viðgangist innan aðildarfélaga og að til staðar sé viðbragðsáætlun komi slík mál upp.

Lína Ágústsdóttir

Una Emilsdóttir

Hildur Skúladóttir

Fimleikasamband Íslands

Ársreikningur 2019

Fimleikasamband Íslands
Kt. 540169-2849
Engjavegi 6
Reykjavík 104

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Hagnaður ársins nam 10.020.537 kr. Heildareignir 31. desember 2019 námu 76.458.807 kr og eigið fé á sama tíma var 52.603.727 kr.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður verði færður til hækkunar á eigin fé félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fimleikasamband Íslands, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2020

Stjórn og framkvæmdastjóri

Arnar Ólafsson Formaður	Kristinn Arason Varaformaður
Sólveig Jónsdóttir Framkvæmdastjóri	Kristín Ívarsdóttir
Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir	Harpa Þorláksdóttir
Þór Ólafsson Gjaldkeri	Hulda Árnadóttir Ritari

Áritun óháðs skoðunarmanns

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Við höfum unnið meðfylgjandi ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fimleikasambands Íslands á árinu 2019 , efnahag sambandsins 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 27. ágúst 2020

F8 Consulting,

Sævar Guðjónsson

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Við höfum yfirfarið ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fimleikasambands Íslands á árinu, efnahag félagsins 31. desember og breytingu á handbæru fé á árinu og teljum ekki ástæðu til athugasemda. Skoðunarmenn vilja koma með ábendingu að skynsamlegt væri að afskrifa um 5% á ári heildarviðskiptakröfur sambandsins, til þess að gefa skýrari mynd af eignum félagsins.

Reykjavík, 27. ágúst 2020

Jochum Ulriksson

Hafsteinn Þórðarson

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Rekstrartekjur:				
Styrkir og framlög	1	76.647.921	81.400.000	76.227.142
Innlend mót og sýningar	2	40.242.208	43.600.000	41.260.521
Alþjóðleg mót og sýningar	3	49.358.990	49.450.000	85.409.796
Námskeið og fræðsluefni	4	9.334.500	9.750.000	12.906.500
Leyfiskerfi		24.880.800	26.565.000	22.523.800
Aðrar tekjur		1.397.285	1.500.000	7.734.331
Eurogym		39.812.266	0	0
Rekstrartekjur samtals		241.673.970	212.265.000	246.062.090
Rekstrargjöld:				
Rekstargjöld	5	56.614.986	59.400.000	54.114.797
Innlend mót og sýningar	6	30.854.069	39.750.000	33.654.230
Alþjóðleg mót og sýningar	7	95.796.516	87.596.332	141.047.416
Námskeið og fræðsluefni	8	6.588.935	8.530.000	10.776.322
Leyfiskerfi		0	10.000.000	128.320
Önnur gjöld		323.481	3.500.000	2.908.649
Afskriftir		4.569.556	3.000.000	0
Eurogym		36.787.530	0	0
Rekstrargjöld samtals		231.535.073	211.776.332	242.629.734
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		10.138.897	488.668	3.432.356
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		275.712	600.000	349.035
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(394.072)	(200.000)	(261.941)
Hreinar fjármunatekjur		(118.360)	400.000	87.094
Tekjuskattur		0	0	0
Hagnaður ársins		10.020.537	888.668	3.519.450

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	'31.12.2019	'31.12.2018
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofuáhöld og tæki		0	22.442
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur		27.531.015	26.397.572
Aðildafélög		23.798.945	32.927.104
Aðrar skammtímakröfur		79.791	47.433
Minningasjóður Áslaugar		496.137	475.343
Greiðslukort		322.670	322.670
Afrekssjóður		2.238.822	2.052.930
Handbært fé		21.991.427	4.792.496
Veltufjármunir samtals		76.458.807	67.015.548
Eignir samtals		76.458.807	67.037.990
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		52.603.727	42.583.190
Eigið fé samtals		52.603.727	42.583.190
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		14.716.925	16.075.091
Ógreiddur kostnaður		5.433.528	5.402.290
Ógr. launatengd gjöld		3.219.584	2.286.061
Greiðslukort		485.043	691.358
Skammtímaskuldir samtals		23.855.080	24.454.800
Skuldir alls		23.855.080	24.454.800
Eigið fé og skuldir samtals		76.458.807	67.037.990

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		10.020.537	3.519.450
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		4.569.556	0
Veltufé frá rekstri		14.590.093	3.519.450
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		7.755.672	(4.819.623)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(599.720)	(8.735.547)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		7.155.952	(13.555.170)
Handbært fé frá rekstri		21.746.045	(10.035.720)
Aðrar hreyfingar:			
Leiðrétting viðskiptamanna		(4.547.114)	0
Aðrar hreyfingar samtals		(4.547.114)	0
Breyting handbærs fjár á árinu		17.198.931	(10.035.720)
Handbært fé í ársbyrjun		4.792.496	14.828.216
Handbært fé í árslok		21.991.427	4.792.496

Skýringar með ársreikningi

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

2. Rekstrartekjur sem að mestu leyti eru vegna framlaga,styrkja,móta og leyfiskerfis, eru færðar í rekstrarreikning þegar unnið er til þeirra. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Lotun gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn þegar til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.
Vaxtagjöld eru færð til gjalda í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi skulda.

Erlendar eignir og skuldir

4. Eignir og skuldir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi. Eignir eru færðar á kaupgengi Seðlabanka Íslands en skuldir á sölugengi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

7. Sjóður og bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða teljast til handbærs fjár.

Aðrar skýringar

Skipting launakostnaðar

8. Skipting launa starfsmanna Fimleikasambands Íslands er skipt upp í fjögur svið sem eru, stjórnunarsvið, mótasvið, afrekssvið og fræðslusvið.

Sundurliðanir

Styrkir og framlög

1.	Raun 2019	Aætlun 2019	Raun 2018
Ríkisstyrkur ÍSÍ	3.500.000	3.600.000	3.550.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3.891.221	3.000.000	3.296.187
Afrekssjóður ÍSÍ	45.100.000	46.500.000	37.400.000
Lottó	19.072.554	12.000.000	13.641.228
Ólympíusamhjálp, YOG/OG ofl.	1.540.541	0	5.860.933
Samstarfsaðilar	3.543.605	16.000.000	12.214.294
Aðrar tekjur	0	300.000	264.500
Styrkir og framlog samtals	76.647.921	81.400.000	76.227.142

Innlend mót og sýningar

2.	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
FSÍ Mót	24.324.708	25.000.000	23.536.047
Önnur mót	0	0	0
Framlag aðildarfélaga	15.840.000	17.000.000	16.389.211
Samstarfsaðilar	0	1.100.000	730.000
Aðrar tekjur	77.500	500.000	605.263
Innlend mót og sýningar samtals	40.242.208	43.600.000	41.260.521

Alþjóðleg mót og sýningar

3.	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Áhaldafimleikar	15.412.560	3.500.000	7.404.307
Hópfimleikar	10.145.489	7.000.000	14.666.560
Fimleikar fyrir alla	1.982.100	3.950.000	29.965.786
Framlag aðildarfélaga	21.644.000	35.000.000	32.637.500
Aðrar tekjur	174.841	0	735.643
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	49.358.990	49.450.000	85.409.796

Námskeið og fræðsluefni

4.	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Þjálfaranámskeið	6.094.500	6.050.000	3.636.000
Dómanámskeið	575.000	300.000	2.603.000
Önnur námskeið	271.000	150.000	0
Framlag aðildarfélaga	2.394.000	3.250.000	6.667.500
Aðrar tekjur	0	0	0
Námskeið og fræðsluefni samtals	9.334.500	9.750.000	12.906.500

Rekstrargjöld

5.

	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Laun og launatengd gjöld	46.999.262	52.000.000	41.579.319
Hugbúnaðarkostnaður	890.043	950.000	584.613
Markaðsstarf	11.300	1.000.000	3.567.384
Prentun og ritföng	82.420	450.000	157.865
Símakostnaður	430.621	500.000	555.738
Internetkostnaður	514.686	500.000	422.278
Samstarfsaðilar	0	450.000	470.525
Ferðakostnaður - UEG/FIG/Skrifstofa	1.800.342	1.500.000	1.630.790
Bókhaldskostnaður	905.373	375.000	548.225
Menntun starfsfólks	88.000	500.000	0
Gjafir	362.835	300.000	395.620
Uppskeruhátíð	262.751	100.000	95.237
Fundarkostnaður	394.126	375.000	1.069.579
Tölvur og tæki	778.445	350.000	1.697.880
Húsaleiga	2.263.632	0	1.339.744
Tryggingar	13.228	0	0
Annar kostnaður	817.922	50.000	0
Rekstrargjöld samtals	56.614.986	59.400.000	54.114.797
Laun og launatengd gjöld FSÍ	46.999.262		
Laun - önnur svið en stjórnunarsvið	(35.360.635)		
Laun stjórnunarsviðs samtals	11.638.627		

Innlend mót og sýningar

6.

	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Dómarakostnaður	8.625.009	9.750.000	7.676.000
Endurgreitt til mótshaldara	3.115.646	3.800.000	2.529.065
Afsláttur mótshaldara af mótagj.	847.600	1.150.000	803.400
Verðlaun	1.682.978	1.500.000	2.184.107
Annar mótakostnaður	534.227	4.250.000	2.687.579
Húsaleiga	15.840.000	16.900.000	16.807.211
Tölvukostnaður	75.853	650.000	120.160
Ritföng/prentun	0	350.000	30.636
Flutningskostnaður	0	400.000	698.120
Annar kostnaður	132.756	1.000.000	117.952
Innlent mót og sýningar	30.854.069	39.750.000	33.654.230
Skipting launa vegna mótahalds	10.542.366		
Innlent mót og sýningar - skipting	41.396.435	39.750.000	33.654.230

Alþjóðleg mót og sýningar

7.

	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Þátttökugjöld	10.801.211	15.500.000	26.250.351
Flug	13.571.398	14.500.000	37.173.545
Hótel	16.885.774	6.000.000	7.217.540
Búningakostnaður	4.406.327	3.500.000	11.850.308
Sjúkrakostnaður	166.423	137.636	0
Ferðakostnaður	5.104.850	3.750.000	5.003.037
Matur	3.375.713	400.000	3.680.251
Tryggingakostnaður	644.802	700.000	628.761
Laun landsliðsþjálfara	11.682.728	5.500.000	9.958.349
Fagteymi	2.617.228	1.558.696	3.171.172
Styrkir	1.516.327	300.000	1.691.015
Húsaleiga	21.896.347	35.000.000	32.637.500
Annar kostnaður	3.127.389	750.000	1.785.587
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	95.796.516	87.596.332	141.047.416
Laun vegna alþjóðlegra móta og sýninga	14.516.068		
Laun vegna fagteymis	4.258.500		
Alþjóðleg mót og sýningar - skipting	114.571.084	87.596.332	141.047.416

Námskeið og fræðsluefni

8.

	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Húsaleiga	2.464.000	2.850.000	6.735.700
Matur	143.579	350.000	174.663
Tækjaleiga	195.947	180.000	186.727
Ferðakostnaður	418.854	750.000	912.892
Prentun	0	250.000	0
Kennsla	3.357.557	4.150.000	2.216.500
Túlkakostnaður	0	0	208.182
Námsefnisgerð	0	0	340.000
Annar kostnaður	8.998	0	1.658
Námskeið og fræðsluefni samtals	6.588.935	8.530.000	10.776.322
Laun vegna námskeiða og fræðsluefnis	6.043.701		
Námskeið og fræðsluefni - skipting	12.632.636	8.530.000	10.776.322

Launagreiðslur

9.

	Raun 2019	Áætlun 2019	Raun 2018
Fært á stjórnunarsvið	11.638.627		
Fært á mótasvið	10.542.366		
Fært á afrekssvið	18.774.568		
Fært á fræðslusvið	6.043.701		
Heildarlaunagreiðslur	46.999.262		